

Fundargerð 2.

Mánudagur 23 febrúar kl 14.00

1. Formaður setur fundinn og óskar eftir athugasemdum við dagskrá og fundargerð síðasta fundar.
2. Stuttlega farið aðferðir og verklag við tímaskráningar.
3. Farið yfir breytingar (eða misskilning formanns) á forgangsörðun verkefna og greint frá því að verkefnisstjórn/ráðuneyti vill setja friðlýsingarendurskoðun í forgang en ekki mat á vindorkuverum í ljósi breyttra laga. Stuttlega rætt þó um frekari breytingar á frumvarpi um vindorku eins og það lítur út eftir að það hafði farið í gegnum samráðsgátt.
4. Rætt um hvað felst í endurskoðun á friðlýsingarendurskoðuninni og ákveðið að fá frekari skýringar á því. Eftirfarandi atriði voru talið þurfa skýringar:
 - a. Er ætlast til að við metum þessa kosti alla upp á nýtt – og hvað með þá sem eru friðlýstir á öðrum grundvelli en verndunarflokki Rammaáætlunar.
 - b. Ef á að endurmeta þessa virkjunarkosti á að gera það á grundvelli hugmynda sem voru uppi um vatnsaflsvirkjanir og með eldri eða nýrri aðferðafræði – við erum væntanlega ekki að skoða þetta með tilliti til friðlýsingar samkvæmt náttúruverndarlögum?
 - c. Hvað með mat gagnvart öðrum tegundum virkjana, jarðhita eða vindorku sem gæti verið hugsanleg í framtíðinni og friðlýsingin á grundvelli eldra mats (vatnsafl) myndi þá útiloka? (t.d. í Öxafirði vegna Jökulsár)
 - d. Hugsanlegt er að forsendur gætu hafa breyst í einhverjum tilvikum, t.d. viðhorf samfélagsins (sbr frumvarp í samráðsgátt um fasteignagjöld af orkumannvirkjum), og er þá hugmyndin að hópurinn ráðist í nýja gagnaöflun og rannsóknarvinnu? Eða eigum við að láta það sem gert var á sínum tíma duga?
 - e. Hvaða tímarammi er ætlaður í þetta?
5. Fundi slitið.